

## Fjórða stig

Fjórða stigsprófið á píanó er þeytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Það telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **Tónfræði M1**. Ætlast er til þess að nemendur í fjórða stigi eigi kennslubækur, æfingabækur og nótur í samræmi við fyrirmæli kennara.

Við lok fjórða stigs eiga píanónemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

### Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt þegar leikið er á hljóðfærið.
- leiki með vel mótaðri handstöðu.
- hreyfi hendur eðlilega og leikandi um hljómborðið.
- hafi náð góðum tókum á sjálfstæði handa.
- hafi öðlast góða fingraleikni.
- leiki með jöfnum og skýrum áslætti.
- leiki með skýrum og blæbrigðaríkum tóni.
- hafi náð góðu valdi á að leika legato og geti gert skýran mun á non legato og staccato.
- geti dregið fram aðra rödd af tveimur sem leiknar eru með annarri hendi.
- leiki með markvissri fingrasetningu sem stuðli að öruggum hreyfingum handa á hljómborðinu.
- hafi náð talsverðu öryggi og snerpu í stærri hreyfingum um hljómborðið.
- hafi vald á skýrum styrkleikabreytingum á allbreiðu styrkleikasviði.
- geti leikið skrautnótur skýrt, smekklega og í samræmi við viðeigandi stíl.
- kunni skil á pedalnotkun.
- sýni nákvæmni í mótun tónmynstra og hendinga.
- sýni nákvæmni í lestri og úrvinnslu tónmálsins.
- hafi öðlast gott hrynskyn.
- hafi nokkuð vald á sveigjanleika í hraða og hryn.
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í seinni hluta grunnnáms.
- hafi þjálfast reglulega í að leika utanbókar.
- hafi þjálfast í ýmiskonar samleik.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- hafi á valdi sínu samstígan krómátískan tónstiga frá hvaða nótu sem er, tvær áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund á milli handa.
- hafi á valdi sínu gagnstígan krómátískan tónstiga frá as eða as' og d eða d', tvær áttundir með báðum höndum í einu.
- hafi á valdi sínu samstíga dúrtónstiga til og með fjórum formerkjum, þrjár áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund á milli handa.
- hafi á valdi sínu samstíga molltónstiga, hljómhæfa og laghæfa, til og með fjórum formerkjum, tvær áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund á milli handa.
- hafi á valdi sínu gagnstíga dúrtónstiga til og með fjórum formerkjum, eina áttund með báðum höndum í einu.
- hafi á valdi sínu brotna þríhljóma, sbr. tónðæmi á bls. 30 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri, í dúr- og molltóntegundum til og með fjórum formerkjum með hvorri hendi fyrir sig.
- hafi á valdi sínu arpeggiur í grunnstöðu, sbr. tónðæmi á bls. 30 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri, í dúr- og molltóntegundum til og með fjórum formerkjum með hvorri hendi fyrir sig.

- hafi á valdi sínu arpeggiur í grunnstöðu og hljómhvörfum, sbr. tóndæmi á bls. 31 í greinanámskrá, í eftirfarandi tóntegundum með hvorri hendi fyrir sig: C, F, G, a, e, d.
- hafi á valdi sínu niðurlagshljóma í grunnstöðu, í eftirfarandi tóntegundum: C, F, G, a, e.
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á fjórða stigsprófi samkvæmt þessari námskrá.

**Nemanda hafi gefist kostur á að velja hvort og að hversu miklu leyti hann sinnir eftirfarandi atriðum:**

- leik eftir eyra
- tónsköpun
- spuna

**Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist eftir fjögurra til sex ára nám:**

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- ýmis blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

## Uppsetning fjórða stigsprófs og vægi prófþátta

Prófþættir á fjórða stigsprófi eru átta. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það.

### 1. Tónstigar og hljómar (15 stig)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tónstiga og hljóma:

- samstíga krómátískan tónstiga frá nótu að eigin vali, tvær áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund á milli handa
- gagnstígan krómátískan tónstiga frá as, as', d eða d', eina áttund með báðum höndum í einu
- tvo samstíga dúrtónstiga, þrjár áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund á milli handa
- tvo samstíga molltónstiga, hljómhæfa og laghæfa, tvær áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund á milli handa
- tvo gagnstíga dúrtónstiga, eina áttund með báðum höndum í einu
- tvo brotna dúrþríhljóma og tvo brotna mollþríhljóma, tvær áttundir með hvorri hendi fyrir sig; velja skal tóntegundir sem sýna mismunandi tækni
- arpeggiur í grunnstöðu í tveimur dúr- og tveimur molltóntegundum, tvær áttundir með hvorri hendi fyrir sig; velja skal tóntegundir sem sýna mismunandi tækni
- arpeggiur í grunnstöðu og hljómhvörfum í einni dúr- eða molltóntegund með hvorri hendi fyrir sig.
- fjögurra radda niðurlagshljóma í grunnstöðu í einni dúr- og einni molltóntegund

Leikmáti:

- tónstigar eigi hægar en M.M. ♩ = 80, miðað við að leiknar séu sextándapartsnótur
- leiki brotna þríhljóma eigi hægar en M.M. ♩ = 108, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- leiki arpeggiur eigi hægar en M.M. ♩ = 72, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur í 6/8-takti
- leiki tónstiga og hljóma jafnt, hiklaust, legato og utanbókar

Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

### 2. Æfing / Etýða (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir hljómborðshljóðfæri.

**Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.**

### 3. Verk 1 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir hljómborðshljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.

**Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.**

### 4. Verk 2 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir hljómborðshljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.

**Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.**

### 5. Verk 3 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir hljómborðshljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.

**Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.**

**6. Val (10 stig)**

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- a. Leika verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni.
- b. Spinna út frá gefnu upphafi, einföldu hljómferli eða lagi með eða án undirleiks.
- c. Leika frumsamið verk eða eigin útsetningu.
- d. Hljómsetja stutta laglínu óundirbúið

**7. Lestur af blaði (10 stig)**

Smáæfing sambærileg verkefnum sem fengist var við í seinni hluta grunnnáms.

**8. Heildarsvipur (5 stig)**

Mat prófdómara á heildarsvip prófs. Getur tekið til ýmissa þátta, en þar á meðal eru tilfinning fyrir túlkun og hendingamótun, blæbrigði og andstæður, þekking og skilningur á stíl, tilfinning fyrir samleik, öruggur og sannfærandi leikur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma.

## Miðpróf

Miðpróf á píanó er þeytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Miðpróf eru aðeins dæmd af Prófánend tónlistarskóla og kemur prófdómari á vegum hennar alla jafna árlega til þess að dæma próf í skólanum. Miðprófið telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **samræmdu miðprófi Prófánefndar í tónfræði** og aðeins þá fæst afhent prófskírteini frá Prófánefnd. Ætlast er til þess að nemendur eigi kennslubækur, æfingabækur og nótur í samræmi við fyrirmæli kennara.

Við lok miðnáms eiga píanónemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

### Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt þegar leikið er á hljóðfærið.
- leiki með vel mótaðri handstöðu.
- hreyfi hendur eðlilega og leikandi um hljómborðið.
- hafi náð góðum tókum á sjálfstæði handa.
- hafi öðlast góða fingraleikni.
- leiki með jöfnum og skýrum áslætti.
- leiki með skýrum og blæbrigðaríkum tóni.
- hafi náð góðu valdi á að leika legato og geti gert skýran mun á non legato og staccato.
- geti dregið fram aðra rödd af tveimur sem leiknar eru með annarri hendi.
- leiki með markvissri fingrasetningu sem stuðli að öruggum hreyfingum handa á hljómborðinu.
- hafi náð talsverðu öryggi og snerpu í stærri hreyfingum um hljómborðið.
- hafi vald á skýrum styrkleikabreytingum á allbreiðu styrkleikasviði.
- geti leikið skrautnótur skýrt, smekklega og í samræmi við viðeigandi stíl.
- noti pedal á skýran og markvissan hátt.
- sýni nákvæmni í mótun tónmynstra og hendinga.
- sýni nákvæmni í lestri og úrvinnslu tónmálsins.
- hafi öðlast gott hrynskyn.
- hafi vald á sveigjanleika í hraða og hryn.
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í fyrri hluta miðnáms.
- hafi þjálfast reglulega í að leika utanbókar.
- hafi þjálfast í ýmiskonar samleik.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- hafi á valdi sínu samstígan krómátískan tónstiga frá hvaða nótu sem er, þrjár áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund á milli handa.
- hafi á valdi sínu gagnstígan krómátískan tónstiga frá as eða as' og d eða d', tvær áttundir með báðum höndum í einu.
- hafi á valdi sínu samstíga dúrtónstiga til og með fimm formerkjum, fjórar áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund á milli handa.
- hafi á valdi sínu samstíga molltónstiga, hljómhæfa og laghæfa, til og með fimm formerkjum, tvær áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund á milli handa.
- hafi á valdi sínu gagnstíga dúrtónstiga til og með fimm formerkjum, tvær áttundir með báðum höndum í einu.
- hafi á valdi sínu eftirtalda gagnstíga hljómhæfa molltónstiga, tvær áttundir með báðum höndum í einu: a, e, d, c.

- hafi á valdi sínu brotna þríhljóma, sbr. tóndæmi á bls. 30 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri, í dúr- og molltöntegundum til og með fimm formerkjum með báðum höndum í einu.
- hafi á valdi sínu arpeggiur í grunnstöðu, sbr. tóndæmi á bls. 30 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri, til og með fimm formerkjum með báðum höndum í einu.
- hafi á valdi sínu arpeggiur í grunnstöðu og hljómhvörfum, sbr. tóndæmi á bls. 31 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri, í eftirfarandi töntegundum með báðum höndum í einu: C, F, G, a, e, d.
- hafi á valdi sínu niðurlagshljóma, sbr. tóndæmi á bls. 31 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri, í eftirfarandi töntegundum: C, F, G, D, A, a, e, d.
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á miðprófi samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla.

**Nemanda hafi gefist kostur á að velja hvort og að hversu miklu leyti hann sinnir eftirfarandi atriðum:**

- leik eftir eyra
- tónsköpun
- spuna

**Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist eftir sjö til átta ára nám:**

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- ýmis blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

## Uppsetning miðprófs og vægi prófþátta

Prófþættir á miðprófi eru átta. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það.

### 1. Tónstigar og hljómar (15 stig)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tónstiga og hljóma:

- samstíga krómatískan tónstiga frá nótu að eigin vali, þrjár áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund á milli handa
- gagnstígan krómatískan tónstiga frá as, as', d eða d', tvær áttundir með báðum höndum í einu
- tvo samstíga dúrtónstiga, fjórar áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund á milli handa
- tvo samstíga molltónstiga, hljómhæfa og laghæfa, tvær áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund á milli handa
- tvo gagnstíga dúrtónstiga, tvær áttundir með báðum höndum í einu
- einn gagnstígan hljómhæfan molltónstiga, tvær áttundir með báðum höndum í einu
- tvo brotna dúrþríhljóma og tvo brotna mollþríhljóma, tvær áttundir með báðum höndum í einu, sbr. tóndæmi í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri; velja skal tóntegundir sem sýna mismunandi tækni
- arpeggíur í grunnstöðu í tveimur dúr- og tveimur molltóntegundum, tvær áttundir með báðum höndum og áttund á milli handa, sbr. tóndæmi í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri; velja skal tóntegundir sem sýna mismunandi tækni
- arpeggíur í grunnstöðu og hljómhvörfum í einni dúr- eða molltóntegund, sbr. tóndæmi í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri
- niðurlagshljóma, sbr. tóndæmi í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri, í einni dúr- og einni molltóntegund

Leikmáti:

- tónstigar eigi hægar en M.M. ♩ = 80, miðað við að leiknar séu sextándapartsnótur
- leiki brotna þríhljóma eigi hægar en M.M. ♩ = 108, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- leiki arpeggíur eigi hægar en M.M. ♩ = 72, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur í 6/8-takti
- leiki tónstiga og hljóma jafnt, hiklaust, legato og utanbókar

Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

### 2. Æfing / Etýða (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir hljómborðshljóðfæri.

**Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.**

### 3. Verk 1 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir hljómborðshljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.

**Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.**

### 4. Verk 2 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir hljómborðshljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.

**Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.**

**5. Verk 3 (15 stig)**

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir hljómborðshljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.  
***Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.***

**6. Val (10 stig)**

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- a. Leika verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur miðprófsverkefni.
- b. Spinna út frá gefnu upphafi, einföldu hljómfæri eða lagi með eða án undirleiks.
- c. Leika frumsamið verk eða eigin útsetningu.
- d. Hljómsetja stutta laglínu óundirbúið.

**7. Lestur af blaði (10 stig)**

Smáæfing sambærileg verkefnum sem fengist var við í fyrri hluta miðnáms.

**8. Heildarsvipur (5 stig)**

Mat prófdómara á heildarsvip prófs. Getur tekið til ýmissa þátta, en þar á meðal eru tilfinning fyrir túlkun og hendingamótun, blæbrigði og andstæður, þekking og skilningur á stíl, tilfinning fyrir samleik, öruggur og sannfærandi leikur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma.